

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis 5 á Fáskrúðsfirði, vegna endurgerðar franska spítalans.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti 19. maí 2011 breytingu deiliskipulags hafnarsvæðis 5 á Fáskrúðsfirði. Svæðið sem breytingum tekur er ofan og innan við Hafnargötu 9. Í breytingunni felst að deiliskipulagssvæðið stækkar upp fyrir Hafnargötu og vestur fyrir Hamarsgötu 14 ofan Hafnargötu. Breytingin er til komin vegna flutnings franska spítalans að Búðum og endurgerð kapellu, safnaðarhúss og líkhúss.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Dalbrautar 1, Eskifirði.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti 5. maí 2011 deiliskipulag Dalbrautar 1 á Eskifirði. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Norðfjarðarvegi í vestur, Dalbraut í norður, Bleiksá í austur og leirunni í suður. Fyrirhugað er að reisa hjúkrunarheimili á deiliskipulagssvæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 11. ágúst 2011,

Páll Bj. Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. ágúst 2011